



Þátttakendur

EU FOODPACT beinist að fjölbreyttum hópi aðila innan vistkerfis matvæla og landbúnaðar. Helstu markhópar verkefnisins eru:

Framkvæmdastjórar, stjórnendur og aðrir lykilákvæðanatakar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (MSME).

Starfsfólk matvæla- og framfæringsfyrirtækja og framtíðarstarfsfólk, þar á meðal nemendur í starfs- og háskólanámi (VET/HEI).

Fræðsluaðilar (starfsnámi, háskólar og símenntunarmiðstöðvar)

Vottunaraðilar og viðskiptaráð

Stefnumótendur, svæðisbundnir aðilar og opinber stjórnvöld



Samstarfsaðilar

EU FOODPACT er unnið af 10 verkefnisaðilum með stuðningi frá sex samstarfsaðilum í átta löndum: Spáni, Ítalíu, Portúgal, Kýpur, Íslandi, Svíþjóð, Rúmeníu og Grikklandi. Verkefnið sameinar sérþekkingu á sviði menntunar, þjálfunar, vottunar, stjórnsýslu og stuðnings við atvinnulíf:



Cámara Oficial de Comercio, Industria, Servicios y Navegación de Reus
Spánn



Polygonal
APS
Polygonal
Ítalía



Edensol
Spánn



universidade de aveiro
University of Aveiro
Portúgal



Eurosuccess Consulting Limited
Kýpur



Cyprus Certification Company
Kýpur



Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Ísland



Italienska Handelskammaren i Sverige
Svíþjóð



BUCOVINA INSTITUTE
Rúmenía



EMVIO
Grikkland

Lítill fyrirtæki þurfa
sérniðinn stuðning,
ekki eina lausn sem hentar öllum



Samræming hæfni, kerfa
og sjálfbærni

í virðiskeðju matvæla


NÚMER VERKEFNIS: 101259759

Framsýnt þróunarverkefni styrkt af Erasmus+ | eufoodpact.eu

Fjármagnað af Evrópusambandinu. Skoðanir og ályktanir sem fram koma eru þó eingöngu á ábyrgð höfundar og endurspeglar ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Framkvæmdastofnunar Evrópu um mennta- og menningarmál (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA bera ábyrgð á þeim.



Samfjármagnað af
Evrópusambandinu



Skannaður fyrir frekari
upplýsingar
eufoodpact.eu



Verkefnið

EU FOODPACT er Erasmus+ verkefni sem styður við sjálfbær, stafræn og samfélagsleg umskipti í matvælageira Evrópu. Með samfélagsbundnum fræðslumiðstöðvum um matvæli (Community Food Education Hubs), örvottunum (micro-credentials) og þjálfun í nærandi leiðtogaháttum (regenerative leadership) eflir verkefnið þekkingu og færni stjórnenda og starfsfólks til að taka sjálfbærar og framtíðarmiðaðar ákvarðanir í allri framleiðslu- og dreifingarferli matvæla.



Markmiðið

Markmið EU FOODPACT er að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki í matvælageiranum við að breyta markmiðum um sjálfbærni í raunhæfar aðgerðir. Með fræðslu, leiðsögn, stafrænum lausnum og samstarfi styður verkefnið fyrirtæki við að efla þekkingu og færni, innleiða sjálfbæra starfshætti, styrkja viðbúnað sinn fyrir ESG-kröfur og búa sig undir framtíðarþarfir á sviði vottunar og mannaúðs.



Niðurstöðurnar

Á 36 mánaða verkefnistíma sínum mun EU FOODPACT skila sex lykilniðurstöðum sem efla þekkingu, sjálfskraust og samstarf innan matvælageirans:

Námskeið fyrir stjórnendur um sjálfbærnistaðla

með því að hjálpa stjórnendum lítila og meðalstórra fyrirtækja að greina hæfniparfir sínar og samþætta símenntun inn í rekstur fyrirtækisins.

Sjálfsmatstæki til að meta stöðu fyrirtækja

stafrænt verkfæri til að greina færnibil á sviði sjálfbærni og veita persónusniðna leiðsögn.

Mentoraverkefni á vinnustað

stuðlar að sífelldu námi og eflingu starfsfólks með skipulagðri handleiðslu og hagnýtri innri nýsköpun (intrapreneurship).

Stuðningur við vottunarferli

tengir fræðslu og leiðsögn við formlegar vottunarleiðir og gerir árangur sýnilegan og verðmætan fyrir atvinnulífið.

Þjálfun ráðgjafa og uppbygging innviða

eflir hlutverk símenntunaraðila sem lykilaðila í ráðgjöf um sjálfbærni.

Samstarf innan vistkerfisins

stuðlar að þverfaglegu samstarfi þannig að ráðgjafarþjónusta verði aðgengileg, inngildandi og sveigjanleg þvert á svæði.

Sjálfbær matvælakefni

byggja á



hæfu starfsfólki



Áskorunin



EU FOODPACT bregst við bilinu sem er á milli metnaðarfullrar stefnumótunar Evrópusambandsins á sviði matvæla og getu lítila og meðalstórra fyrirtækja í matvælageiranum til að innleiða hana í daglegan rekstur. Með því að takast á við skort á þekkingu og færni, sundurlaust stuðningsumhverfi og hindranir tengdar vottun styður verkefnið fyrirtæki við að taka virkan þátt í sjálfbærri og stafrænni umbreytingu með hagnýtri leiðsögn, fræðslu og sérsniðnum stuðningi.